

Miðvikudaginn 13. maí 1981.

Nr. 114/1981. **Ákærvaldið**
 gegn
Jóni Geir Eyfjörð Guðlaugssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. þ. m., sem barst Hæstarétti 11. s. m. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, til vara, að hann verði felldur úr gildi að því er varðar gæsluvarðhaldsvistina og til þrautavara, að gæsluvarðhaldstíminn verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá ríkissaksóknara hafa hvorki borist greinargerð né kröfur.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi, og beindist rannsóknin að því, hvort varnaraðili hefði gerst sekur um brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 203. og 209. gr. Rannsóknargögn eru að vísu óglögg, en rannsóknarnauðsynjar bjóða, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi með stoð í 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Ekki eru efni til að mæla svo fyrir á þessu stigi, að varnaraðili sæti geðheilbrigðisrannsókn. Gæsluvarðhaldstími þykir hæfilega ákveðinn allt að 4 vikum frá uppsögu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Jón Geir Eyfjörð Guðlaugsson, sæti gæsluvarðhaldi allt að 4. vikum frá uppsögu hins kærða úrskurðar að telja.

Úrskurður sakadóms Akureyrar 7. maí 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 7. maí, er á dómþingi sakadóms Akureyrar, sem háð er í lögreglustöðinni við Þórunnarstræti af Sigurði Eiríkssyni dómarafulltrúa ásamt undirrituðum vottum, upp kveðinn úrskurður þessi.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 25. apríl 1981, um klukkan 1100, hafði K, til heimilis að ..., Akureyri, símasamband við Ófeig Baldursson lögreglufulltrúa og skýrði frá því, að sonur hennar, A, sem væri 11 ára að aldri, hefði komið heim til afa síns kvöldið áður og verið mjög miður sín. Lögreglufulltrúinn hafði í framhaldi af þessu tal af A og fékk hjá honum þær upplýsingar, að hann hefði verið í Furulundi 10 O föstudaginn áður ásamt B, til heimilis að Í Furulundi 10 O hefði Jón Geir Guðlaugsson verið undir áhrifum áfengis og hann hefði gefið piltunum áfengi. A kvaðst hafa orðið allölvaður og að honum hefði orðið illt af áfenginu og myndi hann lítið af því, sem gerst hefði.

Mánudaginn 27. apríl 1981, um klukkan 1030, hafði fyrrgreind K aftur símasamband við lögreglufulltrúann og skýrði honum frá því, að hún hefði frétt það, að Jón Geir Guðlaugsson hefði verið staddur í Furulundi 10 O og verið þar fáklæddur og að hann hefði fengið ungan dreng til að sleikja á sér kynfærin. Nefndi K B í því sambandi.

Þeir Jón Geir Guðlaugsson, fæddur 7. júlí 1935, og Héðinn Einar Gíslason, fæddur 30. mars 1928, eru sammæðra og búa saman að Furulundi 10 O, Akureyri.

Vitnið D, fæddur ... 1970, hefur borið, að hann hafi komið í Furulund 10 O föstudaginn 24. apríl sl. og þar hafi þá verið staddir ásamt fyrrgreindum Jóni Geir E, A og B. Hjá þessu vitni kemur einnig fram, að þeir B og Jón Geir hafi farið inn í svefnherbergi í Furulundi 10 O og lokað að sér. Þegar piltarnir opnuðu hurðina að herberginu, hafi B verið að sleikja getnaðarliminn á Jóni Geir, og sýndist vitninu, að Jón Geir lægi á bakinu með hendur niður með síðunum.

Vitnið E, fæddur ... 1968, hefur borið, að það hafi komið að þeim Jóni Geir og B í fyrrgreindu svefnherbergi að Furulundi 10 O þannig, að þeir höfðu báðir dregið buxurnar niður um sig, og þegar þeir opnuðu hurðina, hafi B verið að sleikja getnaðarliminn á Jóni Geir og að þetta muni hafa gerst föstudaginn 24. apríl sl.

Vitnið A, fæddur ... 1968, hefur borið, að það hafi komið í Furulund 10 O tvisvar sinnum, og vitnið hefur meðal annars sagt, að þá hafi fyrrgreindur Héðinn Gíslason verið þar og beðið þá piltana að nudda á sér getnaðarliminn og sjúga hann, og vitnið segir, að þetta hafi þeir piltarnir gert, og vitnið segir m. a., að fyrir þetta hafi Héðinn boðist til að greiða þeim peninga og að þeir hafi fengið áfengi fyrir vikið.

Vitnið B, fæddur ... 1967, hefur kannast við atvikið í svefnherberginu að Furulundi 10 O með Jóni Geir föstudaginn 24. apríl sl., og hefur hann meðal annars kannast við að hafa sofnað í rúminu hjá Jóni Geir, eftir að kynferðisathöfnum var lokið. Þá hefur B borið, að Jón Geir hafi boðið honum peningagreiðslu fyrir vikið.

Vitnið F, fæddur ... 1968, hefur kannast við kynferðisathafnir gagnvart Héðni Gíslasyni í Furulundi 10 O.

Vegna rannsóknar málsins var kærði Héðinn Einar Gíslason handtekinn miðvikudaginn 29. apríl síðastliðinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald 40 daga ásamt geðrannsókn. Í ljós kom, að kærði Jón Geir Eyfjörð Guðlaugsson var skipverji á togaranum Svalbak, og var hann handtekinn klukkan um 0900 í morgun vegna rannsóknar málsins, en þá kom fyrrgreint togskip til Akureyrar.

Klukkan 1306 hófust dómsyfirheyrslur yfir kærða Jóni Geir vegna málsins, hann neitaði sakargiftum, en kannaðist þó við, að unglingar kæmu oft til þeirra bræðra í Furulund 10 O og hefðu þessar heimsóknir staðið síðan um síðastliðin áramót.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi. Hætta er á, að kærði Jón Geir spilli sakargögnum og geti haft áhrif á vitni, sem meðal annars eru ungir piltar. Rannsókn málsins beinist að því, að þeir kærðu hafi brotið m. a. gegn 203. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en viðurlög við þess háttar brotum geta varðað fangelsisrefsingu, þannig að ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er gæsluvarðhaldsúrskurði ekki til fyrirstöðu.

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, og með vísan til rannsóknarnauðsynja verður ekki hjá því komist að úrskurða kærða Jón Geir Eyfjörð Guðlaugsson í gæsluvarðhald með stoð í 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Gæsluvarðhaldstíminn telst hæfilega ákveðinn 40 dagar.

Þá ber með hliðsjón af eðli þeirra brota, sem kærði er grunaður um að hafa framið, og með vísan til d liðs 2. tl. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að leggja kærða undir geðrannsókn í varðhaldinu.

Því úrskurðast:

Kærði, Jón Geir Eyfjörð Guðlaugsson, fæddur 7. júlí 1935, til heimilis að Furugrund 10 O, Akureyri, sæti gæsluvarðhaldi 40 daga frá birtingu úrskurðarins.

Þá skal kærði Jón Geir sæta geðrannsókn í varðhaldinu.

Fimmtudaginn 14. maí 1981.

Nr. 78/1981. **Pétur Óskarsson**
 gegn
Þorsteini Skúlasyni,
bæjarfógeta í Neskaupstað.

Kærumál. Uppboð. Kröfum á hendur héraðsdómara um miskabætur og vítur synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. mars 1981, og barst hún dóminum 30. s. m. Kröfur hans eru í fyrsta lagi, að uppboð á hluta Egilsbrautar 9 í Neskaupstað fari ekki fram eftir auglýsingum þeim, sem síðar getur. Þá verður að skilja kröfugerð hans svo, að hann krefjist þess að auki, að varnaraðili sæti vítum og verði dæmdur til að greiða sóknaraðilja miskabætur og málskostnað.

Varnaraðili hefur sent Hæstarétti greinargerð, en ekki sett fram dómkröfur.

Um kæruefnið hefur ekki gengið úrskurður í héraði, en málið er dæmt í Hæstarétti eftir lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Í 84., 89. og 93. tfl. Lögbirtingablaðs 1979 var birt auglýsing frá varnaraðilja um, að eign sóknaraðilja, hluti Egilsbrautar 9, yrði seldur á opinberu uppboði 3. desember það